

Mál nr. 183/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Miskabætur. Stórfellt gáleysi.****Gögn.**

1. Málskot dags. 21. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 7. október 2025.

Málsatvik.

Fram kemur í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að bifreiðin A hafi hinn 29. ágúst 2024, tekið vinstri beygju af Suðurlandsvegi, inn að Sólheimajökli, í veg fyrir bifreiðina B, sem M ók. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi verið að aka vestur Suðurlandsveg á um 90-93 km/klst þegar bifreiðinni A, sem kom úr gagnstæðri átt, var skyndilega ekið í veg fyrir hann. Hafi hann reynt að forða árekstri eins og hægt var, beygt frá, og endað utan vegar. Ökumaður A kvaðst hafa verið að aka austur Suðurlandsveg og ætlað að taka vinstri beygju inn á afleggjara að Sólheimajökli. Hafi hann verið kyrrstæður á sínum vegarhelmingi, tekið svo vinstri beygju og hafi þá B komið úr gagnstæðri átt og bifreiðarnar skolið saman. Í árekstrinum slasaðist M og hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Af hálfu V hefur bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A verið viðurkennd en ágreiningur er milli aðila um hvort líkamstjóni M hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi í skilningi a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Byggir M á því að svo hafi verið. Ítrekað hafi verið staðfest í dómaframkvæmd, að sú háttsemi að aka yfir á öfugan vegarhelming gegn umferð úr gagnstæðri átt, sé stórkostlegt gáleysi. Með framferði sínu hafi ökumaður A ekki sýnt þá tillitssemi og varúð sem honum bar að gera í umrætt sinn, sbr. 4. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá hafi hann jafnframt gerst brotlegur við 19. gr. umferðarlaga, enda augljóslega ekki gengið úr skugga um að unnt væri að beygja á vegamótunum án þess að óþörf hætta skapaðist. Auk þess hafi hann brotið gegn 22. gr. umferðarlaga sem kveður á um skyldur ökumanna þegar ökutæki mætast. Í 26. gr. er áréttað að ökumönnum ber að sýna sérstaka aðgát við vegamót. Með háttsemi sinni hafi ökumaður A vikið verulega frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa og mælt er fyrir um í lögum. Ekkert hafi byrgt sýn hans á slyssstað. Verði það að teljast með algjörum ólíkindum að ökumaður A hafi ekki séð bifreið M í tæka tíð. Fráleitt sé að halda því fram að einungis hafi verið um augnabliks einbeitingarskort að ræða í ljósi aðstæðna.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að greiðslu bóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga hafi verið hafnað þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði greinarinnar hafi verið uppfyllt. Ljóst sé að umferðaróhöpp verði þegar fólk geri mistök í umferðinni og leggi ekki rétt mat á aðstæður, m.ö.o. sýni af sér gáleysi. Það sé hins vegar einnig ljóst að í dómaframkvæmd hafi verið við það miðað að gáleysi þurfi að vera á háu stigi og fela í sér verulegt frávík frá því sem eðlilegt sé til þess að teljast stórkostlegt. Ekkert meira liggi fyrir um málið en það sem fram komi í lögregluskýrslu. Þannig liggi ekkert fyrir um einhvers konar ásetning ökumanns A í umrætt sinn og ekkert hafi komið fram um einhvers konar ámælisverða háttsemi hafi verið að ræða að öðru leyti en því að honum hafi að líkindum orðið á mistök er hann beygði í veg fyrir M.

Álit.

EKKI er um það deilt að ökumaður A telst eiga alla sök á árekstri bifreiðanna 29. ágúst 2024. Í málinu er ágreiningur um rétt M til greiðslu miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að láta þann sem af stórfelldu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða miskabætur. Til þess að krafa M verði tekin til greina verður háttsemi ökumanns A því að fela í sér verulegt frávík frá því sem eðlilegt má telja. Við mat á því hvort um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða ber að líta heildstætt á aðstæður og háttsemi ökumanns A í aðdraganda slyssins. Fyrir liggur að ökumaður A var kyrrstæður áður en hann tók vinstri beygju af Suðurlandsvegi inn á afleggjara að

Sólheimajökli. Við beygjuna fór hann inn á akstursstefnu gagnstæðrar umferðar og varð árekstur við bifreið M sem ekið var á móti. Ekki liggur fyrir að ökumaður A hafi verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Af framburði hans og gögnum málsins að dæma virðist hann ekki hafa tekið nægilegt tillit til umferðar úr gagnstæðri átt þegar hann hóf að taka beygjuna, en frekari skýringar liggja ekki fyrir. Ljóst er að með háttsemi sinni braut ökumaður A gegn 19. gr. og 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þannig verður að telja að með háttsemi sinni hafi hann sýnt af sér gáleysi. Ljóst er einnig að umferðaróhöpp verða þegar ökumenn sýna af sér gáleysi, hvort heldur með því að leggja rangt mat á aðstæður eða brjóta gegn þeim skyldum sem lög mæla fyrir um í umferðinni. Af dómafordæmum má ráða að mikið þarf til svo slík háttsemi ökumanna teljist til stórfellds gáleysis. Verður með hliðsjón af framangreindu ekki talið að ökumaður A hafi vikið svo verulega frá gildandi hátternisreglum sem honum bar að hlíta í aðdraganda árekstursins að það feli í sér stórfellt gáleysi. Skilyrðum til greiðslu miskabóta samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga er því ekki fullnægt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir